

Endurskoðunarskýrsla 2025
Myndlistaskólinn í Reykjavík ses.

Endurskoðun á ársreikningi Myndlistaskólans í Reykjavík ses.

1. Ársreikningur 2025

Lokið hefur verið við endurskoðun á ársreikningi Myndlistaskólans í Reykjavík ses. fyrir árið 2025 sem er lagður fram af stjórnendum félagsins. Samkvæmt ársreikningi er afkoman, heildareignir og eigið fé eftirfarandi:

Niðurstaða rekstrarársins	2025	2024
Afkoma ársins	469.046.635	52.515.048
Heildareignir	1.002.813.410	309.988.077
Eigið fé	660.183.567	191.136.932

Heildartekjur ársins leiðrétt fyrir söluhagnaði af fasteignaviðskiptum námu um 362,9 m. kr. (2024: 365,1 m. kr.). Hagnaður ársins fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) nam kr. 1.355 þús. (2024: 63,9 m. kr.).

Um 67% af heildartekjum (*leiðrétt fyrir söluhagnaði fasteignaviðskipta að fjárhæð 497,8 m. kr.*) félagsins á rekstrarárinu 2025 eru rekstrarframlög frá ríki og Reykjavíkurborg (62,50% 2024). Tekjur vegna skólagjalda nema um 29% (36% 2024), þóknunatekjur Erasmus+ um 0,40% (0,90 % 2024) og aðrar tekjur 3,50% (0,70% 2024).

1.1 Umfang og framkvæmd endurskoðunar

Endurskoðun er óháð og kerfisbundin öflun gagna og mat á þeim í þeim tilgangi að láta í ljós rökstutt og faglegt álit endurskoðanda um áreiðanleika þeirra og framsetningu í samræmi við lög, settar reikningsskilareglur eða önnur skilyrði sem fram koma í álitsgerðinni.

Í samræmi við góða endurskoðunarvenju hefur höfuðáhersla verið lögð á þá reikningsliði og innri eftirlitsþætti þar sem hætta á verulegum villum er mest.

Við endurskoðun á ársreikningnum hefur verið sannreynt að eignir séu fyrir hendi og í eigu félagsins og þær séu metnar í samræmi við gildandi lög, reglur og góða reikningsskilavenju. Sannreynt hefur verið að skuldir og aðrar skuldbindingar, þ.m.t. trygginga- og ábyrgðarskuldbindingar séu tilgreindar og metnar í efnahagsreikningi eða utan efnahagsreiknings í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju. Einnig hefur lotun reikningsliða verið yfirfarin og að framsetning þeirra í ársreikningnum sé réttmæt.

Ársreikningur Myndlistaskólans í Reykjavík ses. hefur verið yfirfarinn í heild, þ.m.t. hvort upplýsingar í skýrslu stjórnar og skýringum séu nægjanlegar og í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Stjórnendur hafa undirritað sérstakt staðfestingarbréf til að staðfesta ýmsar upplýsingar í tengslum við reikningsskilin sem erfitt er að staðfesta með öðrum hætti. Dæmi um slíkt eru ábyrgðarskuldbindingar, málaferli sem geta haft áhrif á reikningsskilin og reikningsliðir sem fylgir sérgreind áhætta varðandi mat og framsetningu.

1.2 Áhættumat og endurskoðunaraðferð

Tilgangur endurskoðunarinnar er að votta trúverðugleika þeirra fjárhagsupplýsinga sem settar eru fram í ársreikningi félagsins. Endurskoðun okkar byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Endurskoðunin náði m.a. til eftirfarandi þátta:

- Að kanna hvort til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits, m.a. með tilliti til samþykkt á reikningum, eftirlits með samningum, aðskilnað starfa við bókhald og meðferð fjármuna.
- Að sannreyna að eignir félagsins séu til staðar og hæfilega metnar.
- Að sannreyna að allar skuldir og skuldbindingar félagsins komi fram í ársreikningi og ganga úr skugga um að þær séu metnar í samræmi við viðurkenndar reikningshaldsreglur.
- Að greina ýmsa liði í ársreikningi og m.a. bera saman við fjárhæðir fyrra árs.
- Að kanna lotun reikningsliða og skoða framsetningu þeirra í ársreikningi.
- Að tryggja að form ársreiknings og efnisinnihald sé í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkt um meðferð fjármuna og viðteknar reikningsskilavenjur.

1.3 Mikilvægismörk

Við endurskoðun eru sett ákveðin mikilvægismörk til að ákvarða hver sé ásættanleg skekkja í viðkomandi ársreikningi. Mikilvægismörk voru ákvörðuð 3,74 m.kr. sem eru um 1 % af heildartekjum félagsins (leiðrétt fyrir sölu á fasteign).

Mismunur eða skekkjur sem fram koma við endurskoðunina og falla yfir tiltekin mörk sem ákvörðuð eru út frá mikilvægismörkum eru tilgreindir og skjalfestir á sérstaka mismunaskýrslu og við lok endurskoðunar er lagt mat á uppsöfnuð áhrif þeirra.

1.4 Ábyrgð stjórnenda

Þar sem endurskoðunin byggist á úrtakskönnunum og öðrum aðferðum sem í eðli sínu eru takmarkaðar, auk þess sem innra eftirlit og bókhaldskerfi eru háð takmörkunum, er óhjákvæmilega hætt á að einhverjir mikilvægir eða verulegir annmarkar komi ekki í ljós við endurskoðun.

Bent er á að ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við starfsskyldur. Þetta felur í sér að allar upplýsingar, sem þeim eru kunnar og skipta máli komi fram, að bókhald sé fært eftir viðteknum reglum, að innra eftirlit sé með fullnægjandi hætti og að nægjanlegt eftirlit sé með eignum félagsins. Í samræmi við góða endurskoðunarvenju hafa stjórnendur félagsins undirritað staðfestingarbréf þar sem þeir staðfesta ábyrgð sína í þessum efnum.

2. Helstu áherslur

2.1 Tekjur og viðskiptakröfur

- Væntingar voru settar fram með samanburði við tekjur ársins 2025. Staðfestingar á framlögum frá Ríki og Reykjavíkurborg voru yfirfarnar í undirgögnum og framsetning könnuð í ársreikningi.
- Framkvæmdar voru greiningaraðgerðir á tekjum félagsins í tengslum við skólagjöld, notast var við nemendaskráningar í INNU kerfi. Endurútreikningur tekna var framkvæmdur með samanburði við tekjuskráningu í bókhaldi og ársreikningi.
- Viðskiptamannakerfi var kannað og viðskiptakröfur staðfestar.
- Lagt var mat á niðurfærsluhlutfall viðskiptakrafna. Niðurfærsla er 5% af heildar kröfum félagsins (að frátöldum kröfum vegna húsnæðisviðskipta).
- Niðurstaða í lagi.

Tekjur	2025	2024
Heildartekjur	860.731.076	365.155.716
Veltufjármunir	2025	2024
Viðskipta- og aðrar skammtímakröfur	56.347.932	11.760.660

Helstu niðurstöður og ábendingar

Heildartekjur ársins leiðrétt fyrir söluhagnaði af fasteignaviðskiptum námu um 362,9 m. kr. (2024: 365,1 m. kr.). Hagnaður ársins fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) nam kr. 1.355 þús. (2024: 63,9 m. kr.).

Um 67% af heildartekjum (*leiðrétt fyrir söluhagnaði fasteignaviðskipta að fjárhæð 497,8 m. kr.*) félagsins á rekstrarárinu 2025 eru rekstrarframlög frá ríki og Reykjavíkurborg (62,50% 2024). Tekjur vegna skólagjalda nema um 29% (36% 2024), þóknatekjur Erasmus+ um 0,40% (0,90 % 2024) og aðrar tekjur 3,50% (0,70% 2024).

Útistandi kröfur námu um 56,3 m. kr. í lok rekstrarárs, þarf af voru útistandandi kr. 50 m. kr. vegna sölu á fasteign félagsins að Hringbraut.

Eftirfarandi ábending komið á framfæri:
Við bendum á að áhætta á skráningarvillum er til staðar eins og tekjuskráningarferli félagsins er uppsett m.t.t. tekna af nemendagjöldum. Tekið var mið af þeirri áhættu við endurskoðun og var endurútreikningur framkvæmdur út frá skráningargögnum með samanburði við raun tekjur skv. ársreikningi og innheimtur kannaðar.

Greiningar tekna út frá forsendum tekjuskráningar félagsins skoðast samkvæmt okkar faglega mati í lagi.

2. Helstu áherslur

2.2 Laun og launatengd gjöld

- Framkvæmdar voru greiningaraðgerðir á launaútreikningum ársins 2025, stjórnarlaunum og áföllnu orlofi með það að markmiði að staðfesta tilvist og heild launa félagsins.
- Afstemmingar á launatengdum gjöldum var könnuð með skoðunum á greiðslum launatengdra gjalda eftir áramót 2025, yfirlitum frá tollstjóra, lífeyrissjóðum og stéttarfélögum.
- Athugað var hvort launakerfi stemmi við fjárhagsbókhald.
- Athugað var hvort skil launamiða stemmi við fjárhagsbókhald.
- Afstemmingar og útreikningur orlofsskuldbindingar var yfirfarinn.
- Framkvæmd var greining á skilagreinum launatengdra gjalda til ríkisskattstjóra með samanburði við aðalbók og launaframtal en stofn til tryggingagjalds var endurreiknaður út frá launaforsendum án frávika.
- Innra eftirlit var kannað á samþykktarferli launavinnslu.
- Niðurstaða í lagi.

Helstu niðurstöður og ábendingar

Laun og launatengd gjöld hækka milli ára um 15,7 m.kr. eða 8,64% (2024; - 2,3 m.kr. eða – 1,27%). Breyting milli ára er að mestu vegna samningsbundinna hækkana.

Endurskoðun á launum og launatengdum gjöldum samkvæmt okkar faglega mati er í lagi.

Laun og launatengd gjöld	2025	2024
Laun og launatengd gjöld	197.257.038	181.573.002

2. Helstu áherslur

2.3 Rekstrarkostnaður og viðskiptaskuldir

- Framkvæmdar voru greiningaraðgerðir á rekstrarkostnaði félagsins til þess að greina frávik milli ára og óvenjulegar breytingar.
- Kallað var eftir afstemmingum til yfirferðar.
- Kallaðar voru fram afrit af reikningum til frekari skoðunar og staðfestingar á frávikum umfram væntingar, samþykktarferli kannað samhliða með skoðun á samþykktarferli í fjárhagskerfi.
- Afstemmingar lánardrottna voru yfirfarnar og úrtak tekið til staðfestingar á fjárhæðum.
- Skammtímaskuldir voru yfirfarnar og staðfestar með yfirlitum frá þriðja aðila og greiðslum eftir reikningsskiladag.
- Niðurstaða í lagi.

Helstu niðurstöður og ábendingar

Greiningar á rekstrarkostnaði og staðfesting viðskiptaskulda skoðast í lagi.

Rekstrarkostnaður	2025	2024
Rekstrargjöld samtals	164.332.071	119.669.275
Viðskiptaskuldir	2025	2024
Viðskipta- og aðrar skammtímaskuldir	97.021.678	97.523.646

2. Helstu áherslur

2.4 Fastafjármunir,
Varanlegir rekstrarfjármunir

- Skoðuð voru afritum af reikningum vegna eignfærslu ársins samkvæmt eignaskrá 2025. Voru reikningar kannaðir með tilliti til nákvæmni og rétthafa.
- Fyrningaskýrsla var endurreiknuð, einnig voru forsendur fyrningar kannaðar og athugað hvort þær væru í samræmi við fyrra ár.
- Farið var yfir gjaldfærslulykla áhalda, tækja og viðhalds í bókhaldi félagsins með tilliti til eignfærslu.
- Þjónusta Bjargey ehf. – vinnusamband / verktakasamband ?– tilmæli RSK;
 - Innir viðkomandi verk fyrir einn aðila eða fleiri?
 - Hver leggur til aðstöðu, verkfæri efni?
 - Er viðkomandi skyldur til að vinna verk persónulega af hendi?
 - Hver ábyrgist árangur verks ?
 - Hver hefur stjórnunarrétt, hvar, hvernig og hvenær verk er unnið?
 - Miðast greiðsla við árangurs verks (=> verktaki) eða tímaeiningu (vinnusamband/launþegi) ?
 - Sjá td. úrskurði yfirskattanefndar nr. 43/2016, /223/2013, 41/2012

- Niðurstaða í lagi.

Helstu niðurstöður og ábendingar

Eignfærslur námu á árinu samtals 1.285 m.kr. og eru tilkomnar að mestu vegna kaupa á fasteign að Rauðárstíg og breytingum á hinum nýju húsakynnum til aðlögunar að starfsemi félagsins. Við sölu á eldra húsnæði og kaupum á nýju húsnæði var færður til bókar söluhagnaður sem nam um 498 m. kr. Viðskiptin með húsnæði leiða þannig til þess að sú dulda eign sem falin var í bókum félagsins vegna eignarhalds á fasteigninni að Hringbraut koma nú að fullu fram í aukinni eigin fjárstöðu félagsins sem því nemur.

Kostnaður vegna reikninga frá Bjargey fór úr 4,7m. Kr. í 20,8 m. Kr. og er að mestu tilkominn vegna flutninga í ný húsakynni.

Ekki hefur verið gerður formlegur verksamningur við Bjargey ehf. vegna þjónustu þeirra við MÍR.

Í tengslum við aðkeypta þjónustu frá Bjargey ehf. er rétt að minna á hvort um vinnusamband eða verksamband er að ræða?

Endurskoðun á fastafjármunum samkvæmt okkar faglega mati er í lagi.

Fastafjármunir, bókfært verð	2025	2024
Varanlegir rekstrarfjármunir	928.555.816	179.959.693

2. Helstu áherslur

2.5 Handbært fé, skuldbindingar og fjármagnsliðir

- Áramótastöður hjá Íslandsbanka hf. fengin og borin saman við stöður í fjárhagsbókhaldi til að staðfesta heild og tilvist handbærs fjár.
- Kallað var eftir upplýsingum um aðgangsheimildir og ábyrgðir félagsins og þær upplýsingar bornar saman við upplýsingar okkar um innra eftirlit félagsins og skýringar í ársreikningi.
- Langtímaskuldir eru til staðar hjá félaginu. Skuldbindingar yfirfarnar sbr. skýringu 8.
- Félagið er undanþegið skattskyldu og fjármagnsgjöld eru vegna gjaldfærðs fjármagnstekjuskatts.
- Greining var framkvæmd á vaxtatekjum félagsins, vaxtatekjur samanstanda af fjármagnstekjum af bankareikningum.

Helstu niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun á handbæru fé, skuldbindingum og fjármagnsliðum samkvæmt okkar faglega mati er í lagi.

Veltufjármunir	2025	2024
Handbært fé	17.909.662	118.267.724

2. Helstu áherslur

2.6 Eigið fé

- Eigið fé var kannað með yfirferð á útreikningum eiginfjárbreytinga ársins.
- Upphafsstöður kannaðar út frá opnunarstöðum þann 1.7.2024.
- Félagið er sjálfseignarstofnun (ses.)
- Niðurstaða í lagi.

Helstu niðurstöður og ábendingar

Við sölu á eldra húsnæði og kaupum á nýju húsnæði var færður til bókar söluhagnaður sem nam um 498 m. kr. Viðskiptin með húsnæði leiða þannig til þess að sú dulda eign sem falin var í bókum félagsins vegna eignarhalds á fasteigninni að Hringbraut koma nú að fullu fram í aukinni eigin fjárstöðu félagsins sem því nemur.

Endurskoðun á eigin fjárliðum samkvæmt okkar faglega mati er í lagi.

Eigið fé	2025	2024
Stofnfé	1.000.000	1.000.000
Óráðstafað eigið fé	659.183.567	190.136.932

2. Helstu áherslur

2.7 Skammtímaskuldir.

- Erasmus+ skuldbinding yfirfarin.
- Viðskiptaskuldir yfirfarnar og borin saman við undirkerfi lánadrottnabókhalds.
- Fyrirfram innheimtar tekjur staðfestar (sbr. lotun tekna)
- Skuldastaða við fjármálastofnanir, næsta árs afborgun langtímalána og vaxtakjör langtíma lána yfirfarnar.
- Niðurstaða í lagi.

Helstu niðurstöður og ábendingar

Mótteknar greiðslur frá Erasmus+ og úthlutun til styrkþegar árinu yfirfarin og nettó skuldastaða í árslok afstemmd. Samkvæmt okkar faglega mati skoðast í lagi.

Skammtímaskuldir	2025	2024
Námsstyrkir Erasmus, óúthlutaðir	53.841.638	61.851.859
Viðskiptaskuldir	8.048.208	1.497.024
Ógreidd laun og launatengd gjöld	22.662.974	24.750.337
Næsta árs afborgun af langtímaskuldum	3.484.790	3.367.500
Fyrirfram innheimtar tekjur	6.821.803	5.755.000
Aðrar skammtímaskuldir	2.162.265	301.926

3. Mismunir

Mismunir sem komu fram við endurskoðun voru óverulegir og leiðréttir um leið.

4. Tilgangur skýrslunnar

Skýrslan er gerð fyrir stjórn og framkvæmdastjóra í því skyni að upplýsa þá um atriði sem máli geta skipt samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA), þar á meðal samkvæmt ISA 260 samskipti við stjórnendur, og önnur atriði sem við höfum komist að við endurskoðun okkar og við teljum að geti verið virðisaukandi fyrir félagið.

5. Takmarkanir á dreifingu

Skýrslan er gerð á þeim grundvelli að hún er aðeins í þágu stjórnenda félagsins, að ekki verði vitnað í hana eða vísað til hennar að hluta eða í heild án fyrirfram veitts skriflegs samþykkis okkar og að við samþykkjum ekki neina ábyrgð gagnvart þriðja aðila í tengslum við hana.

6. Niðurstöður

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Myndlistaskólans í Reykjavík ses. fyrir rekstrarárið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á rekstrarárinu 2025, efnahag hans 30. júní 2025 og breytingu á handbæru fé á rekstrarárinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Endurskoðun og ráðgjöf ehf.



Löggiltur endurskoðandi
30. október 2025